

Fundur í samstarfsverkefninu græn heilsa í Pelamerkurskóla 12. janúar 2016

Mættir voru: Unnar Eiríksson fundarritari, Sigríður Guðmundsdóttir formaður, Sesselja Ingólfisdóttir fulltrúi starfsfólks, Sigríður Hrefna Jósefsdóttir fulltrúi foreldra, Inga Sigrún Matthíasdóttir kennari, Juliane, Linda, Heiðdís, Jónsteinn, Bjarni, Lára, Óli, Ester, Helgi Pétur og Kristín Ellý. Á fundinn vantaði Huldu Arnsteinsdóttur kennara.
Formaður setti fund og bauð nefndarmenn velkomna á annan fund nefndarinnar.

1. mál

Formaður fór yfir þau verkefni sem vinna þarf í vetur. Þessi verkefni eru: Veggverkið (sem reyndar er tilbúið), afmælistréð, sáttmálatréð, upplýsingaskjáriinn, moltutunnan, hæsnaæktin, og kynningarmyndbandið. Í verkefninu Heilsa og mataræði eru eftirtaldir: Lára, Juliane, Kristín Ellý, Helgi Pétur, Inga og Silla.
Einnig er áhugi á því að útbúa rafræna handbók. Þar sem fram kæmi hvaða verkefni væri verið að vinna í starfshópnum, skipan í nefndir, fundartími, skipulag umhverfis dags á laufabrauðsdeginum og á vorvinnudögum. Eins og áður þá ætlum við að vera með spurningu vikunnar. Jónsteinn, Heiðdís og Unnar verða með það.

2. mál

Formaður kynnti verkefnið öBaráttan gegn matarsóun. Verkefnið stendur frá 11. nóvember til 23. mars 2016. Verkefnið felst í því að bekkurinn sem vildi taka þátt í þessu verkefni myndi vikta það sem þau henda af mat í einni viku. Síðan er skráð inn ákveðja vefsíðu matarsóun bekkjarins. Þeir bekkir sem taka þátt í þessu lenda síðan í pott þar sem dregið er um ein verðlaun uppá 95.000 krónur.

3. mál

Formaður ræddi um kynningarmyndbandið sem við höfum oft rætt um að gaman væri að gera. Í myndbandinu yrði kynninga á grænni heilsu, flokkum, kynning á árlegu verkefnum okkar, og moltugerð.

4. mál

Hugmyndir að fleiri verkefnum. Rætt um hvort við ættum að búa til lógó fyrir græna heilsu og vera með samkeppni.

Fleira ekki gjört

Unnar Eiríksson fundaritari.